


Hvað getur NEFCO boðið fyrirtæki þínu?

- Ýmsa fjármögnunarmöguleika, hagstæð lán eða eiginfjárframlag
- Lögfræðilega og fjárhagslega sérfræðiþekkingu
- Sérfræðiþekkingu á sviði umhverfismála
- Aðkoma NEFCO dregur úr fjárhagslegri áhættu og auðveldar framkvæmd verkefna
- Þekkingu á staðháttum og langa reynslu af fjármögnun umhverfisverkefna í Rússlandi, Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen
- Viðtæk tengsl við yfirvöld, fjármálastofnanir og fyrirtæki á Norðurlöndum og í Austur-Evrópu



Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
 Höfuðstöðvar: Fabiansgatan 34
 Póstfang: PB 249, FI-00171 Helsingfors, Finnland
 Sími: +358 10 618 003, fax +358 9 630 976
 www.nefco.org, info@nefco.fi

Verkefni



Húsdýraáburður sem viðskiptatækifæri

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) hefur fjármagnað um 20 landbúnaðarverkefni í Eyrstrasaltsríkjunum og Rússlandi úr landbúnaðarsjóði félagsins. Nýjasta verkefnið er í Úkraínu þar sem NEFCO á samstarf við danska fyrirtækið Halychyna Zahid. Fyrirtækið festi kaup á svínabúi árið 2001 en það er nú verið að endurnýja og nútímavæða með erlendri fjármögnun þar á meðal úr fjárfestingasjóði NEFCO.

Á svínabúinu eru um það bil 50.000 svín en það er skammt frá þorpinu Kavske um 70 km suðvestur af Lviv.

NEFCO tekur þátt í að fjármagna lífgashverfla til framleiðslu á orku til upphitunar og orkusparandi loftræstingarkerfi í byggingum svínabúsins. Fjárfestingin leiðir til aukinnar velferðar dýranna og bætir andrúmsloftið. Samkvæmt útreikningum mun notkun lífgas í stað jarðefnaeldsneytis hafa í för með sér sparnað fyrir búið sem nemur 670.000 evrum á ári. Þá hefur verkefnið aðrar umhverfisbætur í för með sér því við breytingarnar á svínabúinu var fjarlægð gömul einangrun úr asbesti sem veldur krabbameini.



Framfarir í málmiðnaði

Neva Ferrit Ltd. í Pétursborg er dótturfélag Ferropríbor-samsteypunnar sem framleiðir ýmsar járnsegulvörur fyrir rússneskan málmiðnað.

NEFCO veitti lán til kaupa á nýjum ofni og var hann tekinn í notkun sama ár. Nýi ofninn leysti 13 gamla og úr sér gengna ofna af hólmi. Lánið var veitt úr sérsjóði Norræna umhverfisþróunarfélagsins til fjárfestinga sem draga eiga úr mengun við framleiðslu.

Fjárfestingin hefur leitt til þess að losun verksmiðjunnar á koltvísýringi hefur minnkað um 430 tonn á ári frá því að nýi ofninn var tekinn í notkun. Losun á brennisteinsoxíði heyrir sögunni til eftir að ný umhverfistækni var tekin upp. Fjárfestingin leiddi til minni orkunotkunar en það þýðir sparnað fyrir Neva Ferrit Ltd sem nemur um 179.000 evrum á ári og nýtist það fé til að greiða af láni NEFCO. Fjárfestingarkostnaður við verkefnið nam 490.000 evrum.



Fjármögnun í þágu umhverfisins




NEFCO í hnotskurn

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið – NEFCO – er alþjóðleg fjármálastofnun sem stofnuð var 1990 af ríkisstjórnnum Norðurlandanna. Meginmarkmið NEFCO er að fjármagna hagkvæm umhverfisverkefni á grannsvæðum Norðurlandanna í Austur-Evrópu. Skrifstofa NEFCO er til húsa hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í Helsinki.

NEFCO hefur umsjón með nokkrum sjóðum til fjármögnunar á umhverfisverkefnum í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi en einnig tímabundið enn sem komið er í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þá hefur NEFCO ýtt tilraunaverkefni úr vör í Kína. NEFCO fjármagnar verkefni sem miða að því að draga úr losun hættulegra efna, t.d. gróðurhúsalofttegunda eða eitrefna. Mörg verkefni NEFCO miða að því að draga úr ofauðgun vegna losunar á miklu magni af næringarsöltum í Eystrasaltið.

NEFCO veitir lán, víkjandi lán og s.k. mjúk lán (vaxtalaus og til langs tíma) til fjárfestinga fyrirtækja og sveitarfélaga í umhverfisverkefnum sem falla undir starfssvið NEFCO. Í sumum tilvikum tekur NEFCO beinan þátt í umhverfisverkefnum í viðkomandi löndum. NEFCO hefur ráðgjafa í Pétursborg, Novgorod, Kænugarði og Donetsk til að leita nýrra samstarfsaðila og fjárfesta í Rússlandi og Úkraínu.

Öll verkefni sem NEFCO fjármagnar verða að uppfylla ákveðin umhverfisskilyrði um sjálfbærni og minnkun á losun verður að vera mælanleg. Nánari upplýsingar um þessi skilyrði er að finna á vefsíðu félagsins www.nefco.org. Lögfræðingar, forstöðumenn fjárfestinga og umhverfissérfræðingar NEFCO fara yfir allar umsóknir áður en þær eru lagðar fyrir fjárfestinganefnd félagsins. Stjórn NEFCO tekur lánaákvæðanir en í henni sitja fulltrúar allra norrænu ríkjanna.



Helstu sjóðir NEFCO


Fjárfestingasjóðurinn (IF)

Stofnfé NEFCO er 113 milljón evrur og félagið tekur þátt í hagkvæmum umhverfisverkefnum sem hluthafi, lánveitandi eða veitir ábyrgðir. Eigi sjóðurinn að taka þátt í fjármögnun verkefnis verður það að hafa umhverfisáhrif sem skipta máli. Forgang hafa verkefni sem jafnframt hafa jákvæð umhverfisáhrif á Norðurlöndunum. Það felur í sér að lögð er áhersla á aðgerðir til að draga úr losun í vatnsföll og hafið en einnig loftmengun sem berst á milli landa, þar með talin losun gróðurhúsalofttegunda.


Skilyrði fyrir fjármögnun er að norrænn samstarfsaðili taki þátt í verkefninu til langs tíma. Það geta verið fyrirtæki sem fjárfesta beint á ýmsan hátt en einnig samstarfsverkefni sem ná til lengri tíma. Einnig kemur til greina að sjóðurinn fjármagni norrænt samstarf á sveitarstjórnarstigi.

NEFCO gengur út frá því að verkefni uppfylli eðlilegar arðsemiskröfur en leggur, að því gefnu, megin áherslu á umhverfisáhrifin. NEFCO kannar alltaf hvort verkefni séu tæknilega framkvæmanleg og arðsöm. Fjárfestingar og lán sjóðsins bera markaðsverti. Hámarkslán til verkefna eru að öllu jöfnu 4 milljónir evra. Þegar NEFCO fjárfestir í verkefnum má hlutur félagsins hvorki fara yfir 50% af heildarfjárfestingunni né 30% af hlutafénu.

SKIPTING EFTIR RÍKJUM



SKIPTING EFTIR SVIÐUM




Norræni umhverfispróunarsjóðurinn (NMF)

Stofnfé NMF nemur samtals 60 milljónum evra. Lán sjóðsins eru s.k. mjúk fjármögnun, það er að segja lán á hagstæðari vöxtum en almennt gilda á markaði. Tilgangur sjóðsins er að styrkja arðsemisforsendur mikilvægra umhverfisverkefna, gera aukna áhættu mögulega við fjármögnun, flyta verkefnum og styrkja viðbótarfjárfestingar til umhverfismála. Sjóðurinn getur fjármagnað verkefni í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.


Framlög frá sjóðnum eru sem standur aðallega í formi s.k. veltilána sem ber að endurgreiða til sjóðsins. Sem dæmi má nefna hagstæð lán fyrir hreinni tækni, orkusparnaði og umhverfisfjárfestingum í landbúnaði. Tæknilausnir eiga að byggjast á bestu fánlegu tækni en þó að teknu tilliti til hverjar eru fjárhagslegar forsendur og aðstæður á hverjum stað. Útboð við kaup á búnaði og þjónustu, sem sjóðurinn fjármagnar, geta ýmist verið staðbundin, innan Norðurlandanna eða alþjóðleg.

NEFCO getur fjármagnað allt að 90%, eða að hámarki 400.000 evrur, af kostnaði verkefna sem fjármögnuð eru með veltilánum.

SKIPTING EFTIR LÖNDUM



SKIPTING EFTIR SVIÐUM



Kolefnisjöfnunarsjóðirnir TGF og NeCF

NEFCO hefur umsjón með tveimur kolefnisjöfnunarsjóðum sem fjármagna verkefni sem vinna gegn loftslagsbreytingum.

Baltic Sea Region Testing Ground Facility (TGF) er svæðisbundinn loftslagssjóður þar sem bæði einkafjármagni og opinberu fé er varið til fjárfestinga í loftslagsaðgerðum.

Stofnfé sjóðsins nemur 35 milljónum evra. Tilgangur sjóðsins er að kaupa hagkvæmar losunarheimildir fyrir fjárfesta sína. TGF fjármagnar s.k. sameiginlega framkvæmd verkefni innan ramma Kýótó-bókunarinnar við kaup á losunarheimildum. Megináhersla sjóðsins er á orkuverkefni í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Rússlandi og Úkraínu. Norðurlöndin, Þýskaland og níu einkafyrirtæki eru fjárfestar í TGF.

NEFCO Carbon Fund (NeCF) er kolefnisjöfnunarsjóður á heimsvísu sem stofnaður var í apríl 2008. Sjóðurinn ræður alls yfir 72 milljónum evra. NeCF gerir kleift að fjárfesta í verkefnum sem draga úr losun í andrúmsloftið í samræmi við ákvæði Kýótó-bókunarinnar.

NeCF er ætlaður fjárfestum sem skuldbundnir eru ákvæðum Evrópusambandsins varðandi heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (EU Emission Trading Scheme).

NeCF-sjóðurinn fjármagnar umhverfisverkefni sem uppfylla kröfur Kýótó-bókunarinnar um sameiginlega framkvæmd eða kerfi hreinleikaþróunar (CDM).

Í reynd fjalla verkefni um betri orkunýtingu eða áherslu á endurnýjanlegri orku.

NEFCO hefur umsjón með kolefnisjöfnunarsjóðunum TGF og NeCF en sjóðirnir hafa eigin fjárfestinganefndir sem í sitja fulltrúar einstakra fjárfesta.

